

Sparisjóður Strandamanna

Ársreikningur 2012

Sparisjóður Strandamanna
Hafnarbraut 19
510 Hólmavík

Kt. 610269-4199

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstremisýfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur sparisjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og ársreikningur síðasta árs.

Afkoma og eigið fé

Samkvæmt rekstrarreikningi 2012 nam tap ársins 26 millj. kr. Bókfært eigið fé í lok árs nam 212 millj. kr. Eiginfjárhlfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki er 19,9% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 260 millj. kr. sem er í eigu 103 aðila. Í árslok átti enginn stofnfjáraðili yfir 5% eignarhlut.

Stjórn sjóðsins leggur til að ekki verði greiddur arður til stofnfjáreigenda á árinu 2013 vegna ársins 2012. Um ráðstöfun taps og aðrar breytingar á eiginfjáreikningum er vísad til ársreikningsins.

Á árinu störfuðu 5 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum og námu launagreiðslur samtals 27 millj. kr.

Framtíðarhorfur í rekstri sparisjóðsins

Sparisjóðum hefur fækkað talsvert á undanförnum árum. Stærstu sjóðirnir hafa farið í þrot og hafa viðskiptabankarnir tekið yfir rekstur þeirra. Sú hagræðing sem sparisjóðirnir höfðu af ýmsu samstarfi sín á milli er því ekki til staðar í sama mæli og áður og meðal annars af þeirri ástæðu hefur kostnaður við rekstur þeirra því aukist. Þá hafa ýmsar opinberar álögur á sjóðina aukist. Má þar nefna sérstakan fjársýsluskatt sem lagður er á laun hjá fjármálfyrirtækum, en sá skattur nam 5,45% á árinu 2012 og hækkar í 6,75% á árinu 2013, auk þess sem fjármálfyrirtæki greiða 0,1285% skatt af öllum skuldum sínum, þar með talið innlánum. Samtals nema þessir nýju skattar 4,5 millj.kr.

Framtíð sparisjóðanna mun því ráðast af því að þeim takist að hagræða í rekstri sínum og rekstrarskilyrðin batni hvað varðar ytri aðstæður. Möguleikar sparisjóðsins til að auka útlán eru takmarkaðir sem hefur leitt til þess að innlán eru nærrí þrefalt hærri en útlán og um helmingur allra eigna sparisjóðsins er geymdur á lágum vöxtum í Seðlabankanum. Gera verður ráð fyrir því að aðstæður í þjóðfélaginu haldi áfram að batna og með því aukist arðbærar fjárfestingar og þannig geti sparisjóðurinn samhlíða því að styrka atvinnu á starfssvæði sínu rennt styrkari stoðum undir rekstur sinn.

Stjórnarhættir

Stjórn sparisjóðsins hefur á árinu 2012 haldið áfram undirbúnungi að setningu og innleiðingu á ýmsum reglum er varðar rekstur og stjórn stjóðsins. Í því sambandi hefur meðal annars verið stuðst við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti sem gefnar voru út af Viðskiptaráði. Sjóðurinn mun birta þær reglur er varða stjórnarhætti hjá sjóðnum á heimasíðu sinni þegar þær verða tilbúnar. Í dag skipa stjórn sjóðsins fimm einstaklingar og eru þeir allir óháðir stærstu stofnfjáreigendum.

Álit og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reikningsskil lánastofnana. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2012 og rekstrarrafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2012.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættupáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Strandamanna hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Hólmavík, 19. mars 2013.

Stjórn:

Björn Þorfinnsson
Björn Þorfinnsson
Guðrún Ólafsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir

Sparisjóðsstjóri:

Gunnar Þorfinnsson

Gunnar Þorfinnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Strandamanna.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Strandamanna fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisyfirlit og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álití sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 19. mars 2013.


KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Vaxtatekjur		154.661	160.169
Vaxtagjöld		(75.423)	(89.403)
Hreinar vaxtatekjur	6	79.238	70.766
Framlag í afskriftareikning útlána	15	3.459	(335.335)
Tekjufærð eftirgjöf skulda við Seðlabanka Íslands		0	391.141
Virðisrýrnun útlána		3.459	55.806
Þjónustutekjur	7	15.128	12.240
Þjónustugjöld		(3.674)	(3.310)
Hreinar þjónustutekjur		11.454	8.930
Hreinar tekjur (gjöld) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	8	(8.476)	(14.598)
Hreinn gjaldeyrisingengishagnaður (tap)		215	(26.675)
Aðrar rekstrartekjur	9	10.577	9.786
Aðrar rekstrartekjur		2.316	(31.487)
Hreinar rekstrartekjur		96.467	104.015
Laun og launatengd gjöld	10	(35.424)	(31.715)
Annar rekstrarkostnaður	11	(49.390)	(43.160)
Afskriftir	17	(580)	(230)
Rekstrargjöld samtals		(85.394)	(75.105)
Hagnaður fyrir skatta		11.073	28.910
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	3.f.	(2.695)	(2.561)
Tekjuskattur	12	(34.824)	(8.819)
(Tap) hagnaður ársins		(26.446)	17.530

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	2012	2011
Eignir			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	13	1.241.190	1.135.843
Kröfur á lánastofnanir	14	175.432	143.395
Útlán til viðskiptamanna	15	701.788	691.806
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	16	126.972	162.862
Rekstrarfjármunir	17	7.702	7.467
Fastafjámunir til sölu	18	11.850	0
Skatteign	12	36.711	71.535
Aðrar eignir		7.857	3.756
Eignir samtals		2.309.502	2.216.664

Skuldir			
Almenn innlán		2.063.303	1.950.199
Lffeyrisskuldbinding	19	9.180	10.820
Aðrar skuldir	20	25.453	17.633
Skuldir samtals		2.097.936	1.978.652

Eigið fé			
Stofnfé		259.693	259.693
Varasjóður		(48.127)	(21.681)
Eigið fé samtals	5.i.	211.566	238.012

Eigið fé og skuldir samtals		2.309.502	2.216.664
------------------------------------	--	------------------	------------------

Eiginfjáryfirlit ársins 2012

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Árið 2011			
Eigið fé 1. janúar 2011	259.693	(39.211)	220.482
Hagnaður ársins		17.530	17.530
Eigið fé 31. desember 2011	259.693	(21.681)	238.012
Árið 2012			
Eigið fé 1. janúar 2012	259.693	(21.681)	238.012
Tap ársins		(26.446)	(26.446)
Eigið fé 31. desember 2012	259.693	(48.127)	211.566

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins	(26.446)	17.530
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárdreymni:			
Hreinar vaxtatekjur	(79.238)	(70.766)
Tekjufærð eftirgjöf skulda		0	(391.141)
Virðisíðrnun útlána	15	(3.459)	335.335
Afskriftir rekstrarfjármuna	17	580	230
		(108.563)	(108.812)
Útlán og kröfur, breyting		21.974	5.671
Fjáreignir á gangvirði, breyting		35.890	43.826
Fastafjármunir til sölu	(11.850)	14.316
Aðrar eignir, breyting	(4.101)	(195)
Innlán, breyting		88.501	108.257
Lántaka, breyting		0	(437.740)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(1.640)	538
Skatteign, breyting		34.824	8.819
Aðrar skuldir, breyting		7.818	(3.163)
		62.853	(368.483)
Innheimtit vextir		131.640	144.739
Greiddir vextir	(50.757)	(64.425)
		143.736	(288.169)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(814)	0
	(814)	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		142.922	(288.169)
Handbært fé í ársbyrjun		1.229.461	1.517.630
Handbært fé í lok ársins	3.g.	1.372.383	1.229.461

Skýringar

1. Upplýsingar um sparisjóðinn

Sparisjóður Strandamanna er með aðsetur á Hafnarbraut 19, Hólmavík. Auk þess rekur hann afgreiðslu í Norðurfirði.

Sparisjóðurinn starfar samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur sparisjóðsins er að stunda sparisjóðsstarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum. Samfélagslegt hlutverk sparisjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og almenna velferð á sínu starfssvæði.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilalaðferðum og árið áður.

Stjórn sparisjóðsins staðfesti ársreikninginn 19. mars 2013.

b. Matsaðferðir

Ársreikningur sparisjóðsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að ákveðnar fjáreignir hafa verið tilgreindar á gangvirði. Þær eignir sem um ræðir eru skuldabréf, hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða auk eignarhluta í öðrum félögum.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilalaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilalaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem tekna eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggr fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir tekna við beitingu reikningsskilalaðferða sem hafa veruleg áhrif á ársreikninginn er að finna í skýringu 4.

e. Breytingar á framsetningu og flokkun

Sparisjóðurinn breytti á árinu flokkun sinni á eignarhlutum í tveimur félögum, Reiknistofu bankanna hf. (RB) og Teris. Félögin eru nú færð meðal hlutabréfa en voru áður flokkuð sem hlutdeildarfélög. Ástæða breytingarinnar er að rekstrarformi RB hefur verið breytt og Teris hefur nánast hætt starfsemi og þjónustu sinni við sparisjóðina.

3. Mikilvægar reikningsskilalaðferðir

Reikningsskilalaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur reiknast af kröfum á lánastofnanir og útlánum. Vaxtagjöld reiknast af innlánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjfæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflega bókfærðu verði fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærði fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlar sparisjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþáttu fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

b. Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem hann fær greitt fyrir. Þjónustutekjurnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sparisjóðurinn kaupir af öðrum fjármálfyrirtækjum vegna viðskiptamanna sinna, en þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

c. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum fela í sér allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar af fjáreignum og fjárskuldum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði, arð og gengishagnað eða tap af gjaldmiðlum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning við móttöku arðgreiðslunnar.

d. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

e. Virðisrýrnun

Virðisrýrnun útlána og krafna

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er þá færð í rekstrarreikning.

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstökum lánum og kröfum og hins vegar tap á ákveðnum láanasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbindingar um virðisrýrnun felst í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda;
- (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstóli;
- (iii) sparisjóðurinn veitir lántakanda af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, lívlunum í formi endurfjármögnumnar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslega eign vegna fjárhagslegra vandræða; eða
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflokkki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í floknum, þar á meðal:
 - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í floknum; eða
 - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í floknum.

Mat einstakra útlána og krafna

Virðisrýrnun á einstökum lánum og kröfum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Sparisjóðurinn metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggi hlutlægar vísbindingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til eftirfarandi þáttta:

- heildaráhætta sparisjóðsins gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna;
- líklegur ágóði til sparisjóðsins við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingaleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþáttta) og líkindum á endurgreiðslu; og
- líklegur frádráttur kostnaðar við innheimtu útistandandi fjárhæða;

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir frh.:

e. Virðisrýrnun, frh.:

Virðisrýrnun útlána og krafna, frh.:

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfært verð útlána og krafna við vænt framtíðarsjóðstreymi eða núvirði þeirra trygginga sem sjóðurinn hefur fyrir lánunum. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

Mat á söfnum útlána og krafna

Þar sem lán og kröfur hafa verið metin sérstaklega og engar vísbindingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra áhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun þeirra. Þetta tap nær til lána og krafna sem eru virðisýrð á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er metin með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymi lánasafns sem er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna;
- söguleg tapreynsla í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaður tími frá því virðisrýrnun hefur átt sér stað þar til hún er greind og færð með sérstöku framlagi í afskriftarrekning;
- mat stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að áætla.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eru í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingum á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að lágmarka mun á milli áætlaðs og raunverulegs taps.

Endanlegar afskriftir

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í rekstrarrekning.

Skatteign er reiknuð og færð í ársrekninginn að því marki sem talið er að hún muni nýtast. Í því sambandi hafa stjórnendur lagt mat á vænta afkomu sparisjóðsins næstu árin. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársrekningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sparisjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundið mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársrekningi hins vegar.

Sérstakur skattur á fjármálfyrirtæki

Stofn til sérstaks skatts á fjármálfyrirtæki er heildarskuldir skattskylds aðila í lok tekjuárs, en skattskyldan hvílir á viðskiptabónkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum og öðrum aðilum sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánum.

Fjársýsluskattur

Sparisjóðurinn greiðir fjársýsluskatt, en skatturinn er lagður á fjármálfyrirtæki og vátryggingafélög. Skatturinn er lagður á laun og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstri sparisjóðsins.

g. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

h. Útlán til viðskiptamanna og kröfur á lánastofnanir

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum.

Útlán og kröfur eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir frh.:

i. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Sparisjóðurinn tilgreinir tilteknar fjáreignir við upphaflega skráningu þeirra í bókhaldi sem fjáreignir á gangvirði. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning, sem hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði.

j. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fáanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst við núvirt fjárfreyri eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga.

k. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru færð á þeim degi sem sparisjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána og krafna, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárfreyri af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar sparisjóðurinn hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar sparisjóðurinn verður hluti af samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding sparisjóðsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

l. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

m. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunur, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til sparisjóðsins og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi sem gjöld þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Húsbúnaður og áhöld	5 ár

Svo fremi að niðurlagsverð sé ekki óverulegt er það endurmetið árlega.

n. Fastafjármunir til sölu

Fastafjármunir til sölu eru eignir sem sparisjóðurinn hefur eignast vegna fullnustu á kröfum. Eignirnar eru í sölumeðferð og eru eignfærðar á því sem lægra reynist af kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum áætluðum sölkostnaði.

o. Innlán

Innlán eru færð upphaflega á gangvirði og eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

r. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

s. Starfskjör

Sparisjóðurinn er með iðgjaldatengt lífeyriskerfi þar sem hann greiðir skyldu- og samningsbundin iðgiðl með ákveðnu framlagi í séreigna- eða almenna lífeyrissjóði. Sparisjóðurinn er ekki skuldbundinn til frekari greiðslna þegar þessi iðgiðl hafa verið greidd, utan þess sem greinir í skýringu 19. Iðgiðlin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til. Sjóðurinn er ekki með neinn réttindatengdan lífeyrissjóð.

t. Eigið fé

(i) Stofnfé

Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins nemur stofnfé hans 260 millj. kr. og er það í eigu 103 aðila. Eitt atkvæði fylgir hverjum 1 kr. í stofnfé.

(ii) Varasjóður

Í varasjóð er færður hagnaður ársins en arðgreiðslur ársins ásamt tapi eru færðar úr varasjóð.

(iii) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur á stofnfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar á fundi stofnfjáreigenda.

4. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Virðisrýrnun útlána og krafna

Sparisjóðurinn endurskoðar útlánasafn sitt og metur virðisrýrnun reglulega. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf sparisjóðurinn að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ýmist frá einstökum lánum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbindingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðar sjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

5. Áhættustýring

Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálafyrirtæki stendur sparisjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Helstu áhættuþættir eru útlánaáhætta, lausafjáráhætta og markaðsáhætta.

a. Áhættustefna sjóðsins

Áhættumat ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna með skynsamlegri dreifingu útlána og fjárfestingum í öðrum eignum, er eitt af helstu verkefnum fjármálafyrirtækja. Margir áhættuþættir geta haft slæm áhrif á rekstur sparisjóðsins. Það er stefna stjórnar sjóðsins að sífellt skuli fylgst með og reynt að stjórna helstu áhættuþáttum sem haft geta áhrif á afkomu og eigið fé.

Markmið með áhættustýringu er að greina helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi sjóðsins. Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því gagnvart stofnfjáreigendum að þeim sé framfylgt. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn.

Skýringar, frh.:

5. Áhættustýring, frh.:

b. Ferli áhættustýringar og áhættueftirlits

(i) Laust fé og innstæður í Seðlabanka

Innstæður í Seðlabanka: Stærsta einstaka eign sjóðsins eru innstæður í Seðlabankanum. Hvað þessa eign varðar er mótaðialhætta í lágmarki en hins vegar er vaxtahætta þar sem hætta er á að Seðlabankinn greiði lægri vexti en sparisjóðurinn þarf að greiða fyrir það fjármagn sem hann er að láta í ávöxtun.

(ii) Samningar sem innihalda útlánaáhætta

Útlánaáhætta sjóðsins verður til við veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhætta í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Einnig býr sparisjóðurinn við útlánaáhætta vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttra yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

Útlánasafn: Helstu eignir sparisjóðsins eru útlán hans. Til að viðhalda og bæta gæði útlánasafns sjóðsins er stöðugt fylgst með núverandi lánasafni sparisjóðsins.

Skuldbindingar og ábyrgðir: Sparisjóðurinn hefur samþykkt skuldbindingar sem tryggja viðskiptavinum hans aðgang að fjármunum. Hugsanlegt tap vegna skuldbindinga jafngildir fjárhæð heimilda þótt þær séu aðeins notaðar að hluta til hverju sinni.

(ii) Stefna varðandi útlánaáhætta

Undanfarin ár hefur sparisjóðurinn lagt áherslu á vel dreift útlánasafn og bætt gæði útlána. Lánaferlar eru til stöðugrar skoðunar, þ.e. hvað varðar gagnasöfnun, útlánaheimildir, lánumsumsóknir, skjalagerð og mat og skráningu trygginga.

(iii) Stórar áhættuskuldbindingar

Viðskiptavinir teljast til stórra áhættuskuldbindinga ef heildarskuldbindingar þeirra eða fjárhagslega- eða stjórnunarlega tengdra aðila eru umfram 10% af eigin fé sparisjóðsins, að teknu tilliti til veða sem tryggja lánin, í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar fjármálfyrirtækja. Samkvæmt ofangreindum reglum má engin áhætta vera meiri en 25% af eigin fé.

Í árslok 2012 var einn aðili með áhættuskuldbindingu umfram 25% og vinnur sjóðurinn nú að því að koma þeirri skuldbindingu undir lögbundið mark. Samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki má heildarhlutfall stórra áhættuskuldbindinga ekki fara yfir 400% af eiginfjárgrunni.

Þann 31. desember 2012 voru níu viðskiptamenn sparisjóðsins skilgreindir sem stórar áhættuskuldbindingar (2011: ellefu viðskiptamenn). Áhættuskuldbinding þessara aðila nam samtals 259 millj. kr.

c. Virðisrýnun útlána

Framlag vegna útlánataps er fært þegar fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um að sparisjóðurinn geti ekki innheimt alla fjárhæð kröfu samkvæmt upphaflegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum. Afskriftareikningur vegna útlánatapa er færður til lækkunar á bókfærðu verðmæti útlána í efnahagsreikningi. Framlag í afskriftareikninginn er fært sem virðisrýnun útlána. Afskriftareikningur útlána er metinn sérstaklega gagnvart einstökum mótaðilum eða hópi mótaðila samanber skýring 3.e.

Skýringar, frh.:

5. Áhættustýring, frh.:

d. Eftirlit og stýring lausafjárhættu

Lausafjárhætta er hætta á tapi vegna þess að sparisjóðurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Sparisjóðurinn fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Sjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Fjáreignir og fjárskuldir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	0-3 mánuðir	4-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóður og óbundnar innstæður	1.241.190				1.241.190
Kröfur á lánastofnanir	175.432				175.432
Útlán	51.657	157.116	242.817	250.198	701.788
Fjáreignir tilgr. á gangvirði	120.237				120.237
Aðrar fjáreignir	14.102				14.102
Fjáreignir samtals	1.602.618	157.116	242.817	250.198	2.252.749
Almenn innlán	1.504.992	73.199	390.352	94.760	2.063.303
Aðrar skuldir	22.020	3.433			25.453
Fjárskuldir samtals	1.527.012	76.632	390.352	94.760	2.088.756
Fjáreignir og fjárskuldir	75.606	80.484	-147.535	155.438	163.993
Ónýttur yfirdráttur	86.375				86.375

Í lausafjárstýringu sinni miðar sjóðurinn við vænt sjóðstreymi. Munurinn er aðallega sá að þó svo innlán séu bundin í skamman tíma í senn þá er reynslan sú að þau eru til mun lengri tíma. Þá ávaxtar sjóðurinn lausafé sitt að hluta til í markaðsbréfum sem ekki hafa skilgreindan eftirstöðvatíma, en sjóðurinn getur innleyst hvenær sem er.

e. Eftirlit og stýring markaðsáhættu

Stefna sparisjóðsins er að fylgjast náið með markaðsáhættunni og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem sett eru. Markaðsáhættu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði.

Markaðsáhættu er áhættan á að verðbreytingar á mörkuðum hafi áhrif á gangvirði og framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga. Markaðsáhættu er tilkomín vegna opinna staða í gjaldmiðlum, hlutabréfum og vaxtaberandi gerningum, en slíkir fjármálagerningar eru næmir fyrir almennum og sértækum markaðsbreytingum og flökti í markaðsbreytum, til dæmis vöxtum, vaxtaálögum, gengi gjaldmiðla og hlutabréfaverði.

f. Vaxtaáhætta

Starfsemi sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir (þar á meðal fjárfestingar) og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi bindtíma, eru endurreiknuð á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum. Hvað varðar breytilega vexti eigna og skulda er sparisjóðurinn einnig í hættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta og LIBOR-vaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Stefnt er að því að halda sem bestu jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnia fastra oa brevtileara vaxta.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna sparisjóðsins nam 560 millj. kr. í árslok 2012 (2011: 455 millj. kr.) og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 585 millj. kr. (2011: 507 millj. kr.).

Heildarfjárhæð útlána sparisjóðsins sem ber fasta vexti nemur 153 millj. kr.

Skýringar, frh.:

5. Áhættustýring, frh.:

g. Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Fylgst er með opinn gjaldeyrisstöðu í hverri mynt. Sparisjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé sparisjóðsins.

Að jafnaði skal miðað við að jafnvægi ríki milli eigna og skulda í einstökum erlendum myntum. Þó er heimilt að víkja þar frá, enda sé fylgt ákvæðum reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð. Í því felst að opin gjaldeyrisstaða sparisjóðsins í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en nemur 15% af eigin fé hans samkvæmt skilgreiningu í þeim reglum og samkvæmt síðasta birta uppgjöri. Þá skal heildargjaldeyrisjöfnuður sjóðsins hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 15% af eiginfjárgrunni hans samkvæmt síðasta birta uppgjöri.

Við núverandi aðstæður er í raun fátt sem hægt er að gera til að stýra gjaldeyrisáhættu umfram það að minnka bæði eignir og skuldir sem eru tengdar gjaldeyrisáhættu. Að þessu hefur verið markvisst unnið undanfarin ár.

Heildareignir í erlendum gjaldmiðlum námu 29 millj. kr. í árslok (2011: 56 millj. kr.) og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 28 millj. kr. (2011: 27 millj. kr.).

h. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er skilgreind sem fjárhagslegt tap vegna ófullnægjandi eða gallaðra verkferla eða kerfa, mistaka starfsfólks eða vegna utanaðkomandi atvika. Lagaleg áhætta telst til rekstraráhættu, en ekki orðsporsáhætta. Rekstraráhætta er því til staðar í allri viðskiptastarfsemi.

Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á rekstraráhættu sparisjóðsins og stýringu á henni. Stýring á rekstraráhættu er ætlað að tryggja að sjóðurinn geri sér grein fyrir hvers konar áhætta í rekstrinum, að stöðugt eftirlitskerfi sé til staðar og að eftirlitsþáttum sé framfylgt á skilvirkan hátt.

i. Eiginfjárvirkjan

Stefna sparisjóðsins varðandi eigið fé er að sjóðurinn hafi ávallt nægjanlegt eigið fé til að standast áhættur í rekstri sínum. Samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki má eiginfjárlutfall fjármálfyrirtækja ekki vera lægra en 8,0%.

Eigið fé sparisjóðsins eins og það er skilgreint í framangreindum lögum um fjármálfyrirtæki skiptist í two þætti:

Eiginfjárbátt A, sem er bókfært eigið fé að frádregnum óefnislegum eignum, skatteign og 50% af bókfærðu verði á eignarhlutum í öðrum fjármálfyrirtækjum.

Eiginfjárbátt B, sem er víkjandi lán að frádregnu 50% af bókfærðu verði á eignarhlutum í öðrum fjármálfyrirtækjum.

Eiginfjárbáttur B má að hámarki nema 50% af eiginfjárbætti A.

Við útreikning á eiginfjárlutfalli metur sparisjóðurinn áhættur samkvæmt staðalaðferð, það er hann metur áhættur í einstökum liðum í samræmi við áhættuvog sem fram kemur í reglum nr. 215/2007 um eiginfjákröfur og áhættugrunn fjármálfyrirtækja.

Eiginfjárvirkjan og eiginfjárlutfall

Eigið fé í lok ársins nemur 212 millj. kr. (2011: 238 millj. kr.) eða sem nemur 9,2% (2011: 10,7%) af heildareignum sparisjóðsins. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálfyrirtæki er 19,9% (2011: 16,5%).

Skýringar, frh.:

5. Áhættustýring, frh.:

i. Eiginfjárvatn, frh.:

Eiginfjárlutfall sjóðsins reiknast þannig:

	2012	2011
Heildar eigið fé	211.566	238.012
Skatteign	(36.711)	(71.535)
Eiginfjárvatn samtals	<u>174.855</u>	<u>166.477</u>
Heildar eiginfjárvatna skiptist þannig:		
Útlánaáhætta	55.847	64.915
Markaðsáhætta	1.108	2.520
Rekstraráhætta	13.272	13.210
Eiginfjárvatna	70.227	80.645
Eiginfjárvatn umfram 8% eiginfjárvatnu	<u>104.628</u>	<u>85.832</u>
Eiginfjárlutfall	19,9%	16,5%

6. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:

2012

	Vaxta- tekjur	Vaxta- gjöld	Hreinar vaxtatekjur
Kröfur á lánastofnanir	68.688		68.688
Útlán og innlán	84.960	(75.423)	9.537
Annað	1.013	0	1.013
Vaxtatekjur og vaxtagjöld	<u>154.661</u>	<u>(75.423)</u>	<u>79.238</u>

2011

	Vaxta- tekjur	Vaxta- gjöld	Hreinar vaxtatekjur
Kröfur á lánastofnanir	64.938	(398)	64.540
Útlán og innlán	90.278	(72.598)	17.680
Lántökur		(14.218)	(14.218)
Annað	4.953	(2.189)	2.764
Vaxtatekjur og vaxtagjöld	<u>160.169</u>	<u>(89.403)</u>	<u>70.766</u>

7. Þjónustutekjur

Þjónustutekjur sundurliðast þannig:

	2012	2011
Ábyrgðarbóknun	313	338
Aðrar þjónustutekjur	14.815	11.902
Samtals	<u>15.128</u>	<u>12.240</u>

8. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði

Hrein gjöld af fjáreignum tilgreindum á gangvirði sundurliðast þannig:

Skuldbréf og hlutabréf	(8.476)	(14.598)
Samtals	<u>(8.476)</u>	<u>(14.598)</u>

Skýringar, frh.:

9. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:

	2012	2011
Umboðslaun	9.998	9.299
Aðrar tekjur	579	487
Samtals	<u>10.577</u>	<u>9.786</u>

10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	26.915	27.194
Lifeyrisiðgjöld	3.676	3.494
Fjársýsluskattur	1.793	0
Önnur launatengd gjöld	3.040	1.027
Samtals	<u>35.424</u>	<u>31.715</u>

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreknaður í heilsársstörf	5	5
Stöðugildi í árslok	5	5

11. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Tölvubjónusta	21.383	18.403
Endurskoðunarkostnaður	7.509	6.953
Framlag í Tryggingasjóð innstæðueigenda	6.441	7.150
Lögfræðipjónusta	1.408	472
Húsnaðis- og skrifstofukostnaður	1.141	1.289
Annar kostnaður	11.508	8.893
Samtals	<u>49.390</u>	<u>43.160</u>

Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins sundurliðast þannig:

Endurskoðun ársreiknings	3.497	3.552
Könnun árshlutareiknings	1.126	1.729
Innri endurskoðun	535	0
Önnur þóknun	2.351	1.672
Samtals	<u>7.509</u>	<u>6.953</u>

12. Tekjuskattur og skatteign

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2012	2011
Hagnaður fyrir skatta	8.378	26.349
Tekjuskattur af afkomu ársins	20,0%	20,0%
Ófrádráttarbær kostnaður	6,5%	13,5%
Óskattskyldar tekjur	(13,1%)	(1.097)
Niðurfærsla skatteignar	403,2%	0,0%
Aðrar breytingar	(0,9%)	0,0%
Virkur tekjuskattur	<u>415,7%</u>	<u>33,5%</u>
	34.824	8.819

Í árslok nemur yfirfærðanlegt skattalegt tap sparisjóðsins 98 millj. kr. og er það nýtanlegt til ársloka 2018.

Skýringar, frh.:

12. Tekjuskattur og skatteign, frh.:

Á árinu er tekjuskattur að fjárhæð 35 millj.kr. færður til gjalda og er sama fjárhæð færð til lækkunar á skatteign í efnahagsreikningi. Ær þetta gert vegna óvissu um nýtingu á yfirfæraranlegu skattalegu tapi. Í árslok 2012 er færð skatteign að fjárhæð 37 millj. kr.

13. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

Sjóður og innstæður í Seðlabanka sundurliðast þannig:

Sjóður	15.887	7.487
Óbundin innlán	25.303	26.290
Innstæðubréf	1.200.000	1.102.066
Samtals	1.241.190	1.135.843

14. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:

Viðskiptareikningur	123.803	87.858
Óbundin innlán	7.709	12.971
Bundin innlán	43.920	42.566
Samtals	175.432	143.395

15. Útlán

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

Yfirdráttarlán	163.726	131.433
Skuldabréf	519.846	527.966
Gengistryggð skuldabréf	18.216	32.407
Samtals	701.788	691.806

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

Atvinnugreinar:

Sjávarútvegur	27,9%	32,8%
Þjónusta	18,7%	24,4%
Iðnaður og verktakar	9,7%	3,1%
Einstaklingar	43,7%	39,7%
Samtals	100,0%	100,0%

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur Sérstakur	Afskriftareikningur Almennur	2012 Samtals	2011 Samtals
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	243.952	22.412	266.364	160.140
Virðisrýrnun útlána færð á árinu	(1.047)	(2.412)	(3.459)	335.334
Endanlega töpuð útlán	(49.843)	(49.843)	(229.110)	
Afskriftareikningur útlána í árslok	193.062	20.000	213.062	266.364

Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af

Útlánum og veittum ábyrgðum	20,5%	2,1%	22,6%	26,5%
-----------------------------------	-------	------	-------	-------

Skýringar, frh.:

16. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði greinast þannig:

	2012	2011
Skuldabréf	52.942	60.384
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	74.030	102.478
Samtals	<u>126.972</u>	<u>162.862</u>

Skuldabréf greinast þannig:

Skráð í Kauphöll Íslands	36.393	47.190
Óskráð bréf	16.549	13.194
Samtals	<u>52.942</u>	<u>60.384</u>

Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum námu alls 22 millj. kr. af framangreindri fjárhæð (2011: 35 millj. kr.)

Hlutabréf greinast þannig:

Óskráð hlutabréf	12.573	26.254
Óskráð hlutdeildarskírteini	61.457	76.224
Samtals	<u>74.030</u>	<u>102.478</u>

Hlutabréf sundurliðast þannig:

	Eignarhlutur	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Íslensk verðbréf, Akureyri	0,2%	252	338	4.455
Teris, Kópavogi	0,4%		3.952	3.952
Hornsteinar fasteignafélag, Hólmavík	23,2%		3	2.746
Reiknistofa bankanna hf., Reykjavík	0,1%		125	1.274
Önnur félög				146
Samtals		<u>252</u>		<u>12.573</u>

17. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Húsbúnaður og áhöld	Samtals
Heildarverð 1.1.2012	9.155	7.403	16.558
Afskrifað áður	(2.396)	(6.695)	(9.091)
Bókfært verð 1.1.2012	6.759	708	7.467
Keypt á árinu	0	814	814
Afskrifað á árinu	(183)	(396)	(579)
Bókfært verð 31.12.2012	6.576	1.126	7.702
Afskriftarhlutföll	2%	20%	

Fasteignamat húseigna í árslok nam 5.410 þús. kr. og lóða 675 þús. kr. eða samtals 6.085 þús. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 34.750 þús. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 17.327 þús. kr. í árslok.

18. Fastafjármunir til sölu

Í árinu 2012 leysti sjóðurinn til sín gröfu til fullnustu kröfu. Er grafan vátryggð með bæði húftryggingu og frjálsri ábyrgðartryggingu.

Skýringar, frh.:

19. Lífeyrisskuldbinding

Sparisjóðurinn ber ábyrgð á eftirlaunum eins af fyrrverandi sparisjóðsstjórum. Útreikningur skuldbindingar sparisjóðsins vegna þessa nemur 9,2 millj. kr. í árslok.

Breyting skuldbindingar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársþyrjun	10.820	10.282
Vextir og verðbætur	0	2.191
Greiddur lífeyrir	(1.640)	(1.653)
Lífeyrisskuldbinding í árslok	9.180	10.820

20. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig:

Fjármagnstekjkattur	8.626	8.049
Ógreitt vegna starfsmanna	3.929	4.758
Ýmis ógreiddur kostnaður og aðrar skuldir	12.898	4.826
Samtals	25.453	17.633

21. Veðsettar eignir

Sparisjóðurinn hefur sett eignir að veði í venjulegum bankaviðskiptum að fjárhæð 44 millj. kr. í árslok 2012 (2011: 43 millj. kr.) til þess að tryggja uppgjör í íslenska greiðslukerfinu. Um er að ræða bundin innlán hjá lánastofnunum. Aðrar eignir sparisjóðsins eru óveðsettar.

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru stjórn og varastjórn sparisjóðsins, sparisjóðsstjóri, makar framangreindra stjórnenda og félög þeim tengd.

Viðskipti við tengda aðila í árslok 2012	Útlán	Innlán
Stjórnendur og tengdir aðilar	5.402	49.939

Vextir af útlánum og innlánum tengdra aðila eru sambærileg við vaxtakjör annarra viðskiptamanna sparisjóðsins. Engin sértæk virðisírýnun var færð vegna lána til tengdra aðila.

Laun og þóknanir til sparisjóðsstjóra og stjórnenda, auk stofnfjáreignar, greinast þannig:

	Nafnverðs-eign stofnfjár		Nafnverðs-eign stofnfjár	
	2012	2011	2012	2011
Guðmundur B. Magnússon, sparisjóðsstjóri	8.486	8.110	5.177	5.177
Björn Torfason, stjórnarformaður	696	648	3.649	3.649
Sigurður Jónsson, stjórnarmaður	348	324	7.298	7.298
Guðjón Sigurgeirson, stjórnarmaður	348	324	7.298	7.298
Þórður Sverrisson, stjórnarmaður	348	324	3.649	3.649
Jenný Jensdóttir, stjórnarmaður	348	324	5.474	5.474
Samtals	10.574	10.054	32.545	32.545

Framlag sparisjóðsins í sjálfstæða iðgjaldatengda lífeyrissjóði vegna sparisjóðsstjóra og stjórnarmanna nam 1,4 millj. kr. (2011: 1,3 millj. kr.)

Skýringar, frh.:

23. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	2012	2011
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	28.352	44.940
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	86.375	64.758

Með lögum nr. 98/1998 var stofnaður Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Samkvæmt lögum sem gilda um sjóðinn skulu heildareignir hans nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.

24. Aðrar skuldbindingar

Samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki ber sparisjóðnum að ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs fyrir tekjuskatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu. Hagnaður sparisjóðsins fyrir skatt á árinu 2012 nam rúmum 8 millj. kr. og hefur sjóðurinn því fært til gjalda í rekstrarreikningi sínum og skuldar í efnahagsreikningi 460 þús. kr. sem sparisjóðurinn mun ráðstafa til slíkra verkefna á árinu 2013.

25. Önnur mál

Hæstiréttur hefur dæmt gengistryggingu tiltekinna lánasamningar sem gerðir eru í íslenskum krónum ólögmæta. Þrátt fyrir þessa dóma eru enn fyrir dómstórum ágreiningsmál vegna lána sem bundin eru erlendum gjaldmiðlum. Þrátt fyrir að dómar hafi fallið um með hvaða hætti beri að reikna vexti af þeim lánum sem eru með ólögmæta gengistryggingu ríkir enn óvissa um vaxtareikning vegna sumra þessa samninga.

Þeim lánasamningum sem sparisjóðurinn telur að falli undir framangreinda dóma um ólögmæt gengistryggð lán hefur verið breytt í lán í íslenskum krónum. Einnig hefur öðrum erlendum lánum hjá sjóðnum verið breytt í lán í íslenskum krónum með samningum við lántakendur.

Einn dómur hefur fallið í máli þar sem sparisjóðurinn telur að um sé að ræða sambærileg lán og hjá sparisjóðnum og voru þau lán talin lögleg erlend lán. Sparisjóðurinn telur því verulegar líkur á að sama gildi um lán sjóðsins.